

Tímaritið *Gedhjálp*:

Viðhorf til viðhorfa fólks um að ráða sjúka í vinnu

Menn hafa almennt miklar efasemdir um að ráða drykkjusjúklinga í vinnu svo og þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Frekar eru menn tilbúnir að ráða hjarta- eða eyðnisjúklinga, kemur fram í sköðanakönnun sem tímaritið *Gedhjálp* lét gera fyrir sig.

Spurt var: „Hefur einhver af þessum einkennum áhrif á val þitt ef þú stæðir frammi fyrir því að þurfa að ráða mann í vinnu: Áfengisvandamál, eyðni, geðræn vandamál eða hjartasjúkdómur?“


Það var Hagvangur sem lagði þessa spurningu fyrir 771 Íslending.

Spurningin er nokkuð ómarkviss því ekki er tekið tillit til þess til hverskonar starfs ætti að ráða einstakling með viðkomandi sjúkdóm. Þó sýna niðurstöður ákveðin viðhorf til þessara sjúkdóma eins og getur að líta á töflunni. Þar kemur fram að langflestir hafa efasemdir um að ráða áfengissjúklinga í vinnu. Þá er áberandi stór sá hópur sem segir að það sé undir ýmsu komið hvort þeir myndu ráða geðsjúkling til

vinnu.

Könnunin var unnin af Má Viðari Mássyni sálfræðingi. Réttilega dregur hann ekki of víðtækar ályktanir af niðurstöðum hennar heldur notar þær til vangaveltna um þessa hluti. Hann segir m.a.: „Tilgangurinn með þessari umræðu er sá að velja því fyrir

sér hvað kunnir að ráða viðhorfum aðspurðra í þessari viðhorfaskönnun. Viðhorf fólks birtast í umræðum þess um allt milli himins og jarðar. Viðhorf byggjast oft á of litlum upplýsingum til að um eiginlega skoðun sé að ræða eða vissu.“



Hér sést hversu stórt hlutfall viðmælenda taldi að eiginleikarnir hjartasjúkdómur, eyðni, geðræn vandamál og áfengisvandamál hefðu áhrif á ráðningu starfsmanns ef þeir fengju að ráða. Neðri hluti stöplanna sýnir svarið „hefur áhrif á ráðningu“. Viðmælendum gafst jafnframt kostur á því að velja svarið „fer eftir ýmsu“ og sýnir efri hluti stöplanna það svar. Þá má ráða af myndinni að fjórir af hverjum tíu viðmælenda settu fyrirvara við ráðningu hjarta- eða eyðnisjúklinga, tæplega átta af hverjum tíu hvað varðar sjúklinga með geðræna sjúkdóma, og næstum níu af hverjum tíu þegar um ofdrykkjumenn er að ræða.